

STJÓRNARTÍÐINDI B 1 — 1981

2. janúar 1981.

1

Nr. 1.

AUGLÝSING

um breytingar á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, Orkubús Vestfjarða og Hitaveitu Hafnarhrepps.

Með vísun til samþykktar ríkisstjórnarinnar frá 31. desember 1980, um efnahagsráðstafanir, og 29. og 62. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, Orkubús Vestfjarða og Hitaveitu Hafnarhrepps, frá og með 2. janúar 1981:

A Rafmagnsveitur ríkisins.

I Smásala.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskránni hækki um 10% með eftirtöldum undantekningum:

- a) Orkugjald samkvæmt taxta A 1 og A 5 (af notkun umfram aflstillingu) hækki um 6.4%.
- b) Orkugjöld samkvæmt taxta A 4, A 5 (af allri notkun), C 1, C 2, D 1 og D 2 hækki um 15%.

II Heildsala.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskránni hækki um 16%.

III Heimtaugagjöld í þéttbýli.

Öll gjöld hækki um 10%.

B Orkubú Vestfjarða fyrir raforku.

Gjaldskrá fyrir raforku breytist tilsvarendi og gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins.

C Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur og gjaldskrá Hitaveitu Hafnarhrepps.

Öll gjöld hækka um 10% nema notkunargjöld, sem hækka um 15% í samræmi við hitataxta Rafmagnsveitna ríkisins.

Iðnaðarráðuneytið, 2. janúar 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

B 1

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg